

A 1885/presidiet**Afgreiðsla** Forsætisnefnd

Forsætisnefnd forsætisnefndar um

**þingmannatillögu
um aukið öryggi á Norðurlöndum gegn netárásum****Tillaga**

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær beiti sér fyrir samhentum átaki til að hrinda eins mörgum tillögum í skýrslu Björns Bjarnasonar í framkvæmd og unnt er í því skyni að efla norrænt samstarf gegn fjölþáttaógnum og netárásum.

Norðurlandaráð ákveði að hvetja landsdeildir Norðurlandaráðs til

að þær beiti sér fyrir sameiginlegri samstöðuyfirlýsingu allra norrænu þjóðþinganna þess efnis að árás á eitt ríkjanna verði álitin árás á þau öll og um leið lýðræðið á Norðurlöndum.

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þær beiti sér fyrir samhentum átaki til að hrinda eins mörgum tillögum í skýrslu Björns Bjarnasonar í framkvæmd og unnt er í því skyni að efla norrænt samstarf gegn fjölþáttaógnum og netárásum.

að þær beiti sér fyrir sameiginlegri samstöðuyfirlýsingu allra norrænu þjóðþinganna þess efnis að árás á eitt ríkjanna verði álitin árás á þau öll og um leið lýðræðið á Norðurlöndum.



Þingmannatillagan var afgreidd í fyrsta sinn á þemaþingi 29. júní 2021 og fékk í meginatriðum góðar viðtökur. Tillöguna má lesa í heild sinni á slóðinni:

<https://www.norden.org/is/mal/thingmannatillaga-um-aukid-oryggi-nordurlondum-gegn-netarasum>

Sjónarmið forsætisnefndar

Þingmannatillagan samræmist stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi en þar standur að „Samfélagsöryggi stafar sífellt meiri hættu af netógnum. Norðurlönd hafa allt að vinna af að standa sameinuð andspænis þessum nýju áskorunum.“ Norðurlandaráð hefur um langt skeið beitt sér fyrir að norrænt samstarf um netöryggi verði eflt og það er mikilvægt að norrænu ríkisstjórnirnar fari eftir tillögnum í skýrslu Björns Bjarnasonar.

Netarásir og fjölþáttaárásir eru alvarlegar ógnir við lýðræði okkar og velferðar-samfélög og þær eiga sér stöðugt stað. Öll Norðurlönd, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, eru í skotlínu ýmis konar árása og ógna. Einstaklingar á Norðurlöndum verða einnig fyrir barðinu á þeim. Fjölmargar árásir má rekja til einræðisríkja á við Rússland og Kína. Forsætisnefnd vill jafnframt undirstrika að lýðræðinu er áskorun í því að netnjósnir sem beinast að norrænum aðilum skuli vera stundaðar af bandamönnum.

Forsætisnefnd styður tillöguna en leggur til að fyrsta tillögulið til mælanna verði beint til norrænu ríkisstjórnanna frekar en Norrænu ráðherranefndarinnar þar eð ráðherra-nefndin hefur ekki nægilegt umboð til að fylgja eftir tillögum Björns Bjarnasonar. Enn fremur er lagt til að skýra orðalag á þann veg að það sé Norðurlandaráð en ekki norrænu ríkisstjórnirnar sem ákveði að beita sér fyrir sameiginlegri samstöðu-yfirlýsingu norrænu þjóðþinganna.

Norðurlöndum 7. september 2021

Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Bertel Haarder (V)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)

Hans Wallmark (M)
Jouni Ovaska (cent),
Linda Modig (C),
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Wille Rydman (saml)